



Persónuvernd
Rauðarárstíg 10
105 Reykjavík

postur@personuvernd.is

Reykjavík, 2. nóvember 2020

Efni: Drög að skilmálum í starfsleyfum til fjárhagsupplýsingastofa

Samtök iðnaðarins („samtökin“ eða „SI“) vilja hér að neðan koma að eftirfarandi athugasemdum um drög að skilmálum í starfsleyfum til fjárhagsupplýsingastofa sem birt var til umsagnar á vef Persónuverndar þann 8. október sl.

Starfsleyfi eru ekki ígildi stjórnvaldsfyrirmæla

Samtökin gera athugasemdir við það sem kemur fram í bréfi Persónuverndar til Creditinfo um að líta eigi á starfsleyfið sem ígildi stjórnvaldsfyrirmæla. Rétt hæstu réttarheimildir íslensks réttar eru sett lög, þ.e. stjórnarskrá, almenn lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem framkvæmdarvaldið setur. Grundvallarregla íslenskrar stjórnskipunar, lögmætisreglan, gerir áskilnað um það að almenn lög sæki stoð sína í stjórnarskrána og stjórnvaldsfyrirmæli sæki stoð í almenn lög og gangi ekki gegn þeim.

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn skipaða af dómsmálaráðherra, sbr. 38. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Samkvæmt 15. gr. sömu laga skulu fjárhagsupplýsingastofur starfa á grundvelli leyfis Persónuverndar og ráðherra gert skv. 2. mgr. sama ákvæðis að setja reglugerð um skilyrði fyrir vinnslu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og lögaðila, þ.m.t. vanskilaskráning og gerð lánsþátttöku. Starfsleyfi Persónuverndar samkvæmt ákvæðinu byggist því á þeim skilyrðum sem ráðherra setur enda er það í hendi ráðherra, nánar tiltekið dómsmálaráðherra, að setja stjórnvaldsfyrirmæli, þ.e. reglugerð, um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust.

Á grundvelli eldra laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000 var sett reglugerð nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni. Til þessarar reglugerðar er vísað í drögum að umræddu starfsleyfi. Það er í hendi ráðherra að uppfæra þá reglugerð og gefa út ný stjórnvaldsfyrirmæli en ekki Persónuverndar. Starfsleyfið er því ekki og getur ekki haft einhvers konar ígildi stjórnvaldsfyrirmæla enda hefur Persónuvernd ekki lagaheimild til að gefa út slík fyrirmæli á grundvelli gildandi laga. Efni starfsleyfisins er þess efnis að löggjafinn á að færa það til laga og gefa út reglugerð sem starfsleyfi Persónuverndar byggir á. Það er bæði í samræmi við grundvallarreglu íslenskrar stjórnskipunar og framkvæmdina á öðrum Norðurlöndum. Samtökin telja ennfremur brýnt að reglusetja umhverfið enda snúi aðeins ákveðinn þáttur af útgáfu starfsleyfisins að þeim verkefnum sem heyra undir Persónuvernd.



Skráning á vanskilaskrá

Í grein 2.1. í fyrirbyggjandi starfsleyfisdrögum er kveðið á um skilyrði skráningar á vanskilaskrá sé að löginheimta sé hafin gegn hinum skráða eða að hann hafi skriflega viðurkennt fyrir kröfuhafa að skuld sé fallin í gjalddaga. Samtökin hafa af því áhyggjur að umrædd skilyrði, þá sér í lagi sú krafa að löginheimta sé hafin, takmarki möguleika Creditinfo til að sinna skyldu sinni um að veita raunupplýsingar um vanskil. Telja samtökin að hér sé ekki tekið nægjanlegt tillit til breyttra reglna og framkvæmdar í innheimtumálum, til dæmis með tilkomu fruminnheimtu og milliinnheimtu. Of íþyngjandi kröfur að þessu leyti skapa hvata fyrir kröfuhafa til að fara hart í kostnaðarsamar innheimtuaðgerðir, kröfuhafa og neytanda til tjóns. Þá telja samtökin enn óljóst hvort tilefni sé til að hækka fjárhæðatakmarkanir skv. grein 2.2 úr 50.000 kr. í 60.000 enda enginn reki að því gerður að greina áhrif umræddrar hækkunar.

Framangreind skilyrði geti gert það að verkum að bæði líði langur tími þar til einhver teikn eru á lofti um að einstaklingur sé kominn í vanskil og auðveldara er fyrir neytanda að skuldsetja sig víða á skömmum tíma án þess að nokkur merki séu um að viðkomandi muni ekki ráða við skuldbindingar sínar. Það getur haft slæm áhrif á þá sem hafa lögvarða hagsmuni af því að fá réttar upplýsingar um stöðu neytanda.

Reglugerð nr. 246/2001 bindur ekki hendur Persónuverndar varðandi fjárhæðamörk né skilyrði um að löginheimta sé hafin. Samtökin telja að tilefni hefði verið til að rýmka ofangreindar reglur með hliðsjón af innheimtulögum nr. 95/2008. Lagaumhverfið hefur breyst gífurlega frá árinu 2001 með setningu og/eða breytingum á mikilvægum lagabálkum. Má þar nefna lög um neytendalán, innheimtulög, lög um ábyrgðarmenn, lög um greiðsluþjónustu, lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Samtökin telja kröfur um skráningu vanskila á vanskilaskrá of strangar og ítreka mikilvægi þess að skráning upplýsinga á vanskilaskrá sé ekki of takmarkandi.

Riftunarskylda

Samtökin gera að lokum athugasemdir við riftunarskyldu 6. greinar starfsleyfisdraganna. Samtökin telja að Persónuvernd fari út fyrir valdsvið sitt með þeirri kröfu að lokað verði fortakslaust á áskrifendur komi í ljós að brotið hafi verið gegn skilmálum. Í stærri fyrirtækjum þar sem notendur geta verið fjölmargir gangi það ekki upp að afleiðingar brota eins notanda, án tillits til aðstæðna, geti varðað því að lokað verði á áskrifanda í sex mánuði. Samtökin telja að hér sé of langt gengið og samningsskilmálar Creditinfo taki á atvikum þar sem brotið sé gegn áskriftarsamningnum með nægilegum hætti. Persónuvernd hefur að mati samtakanna ekki heimild til að leggja til slíka riftunarskyldu né telja samtökin að hennar sé þörf.

Virðingarfyllst,

Björg Ásta Þórðardóttir
yfirlögfræðingur SI